

Ed.

119. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Í stað „50“ í 1. tölul. 65. gr. laganna komi: 15.

2. gr.

Í stað „5000 kr. fyrir einhleypan og 10000 kr. fyrir hjón“ í 1. málsg. 67. gr. laganna komi: 10000 kr. fyrir einhleypan og 20000 kr. fyrir hjón.

3. gr.

Í stað „ $\frac{3}{4}$ “ í síðasta málsl. 69. gr. laganna komi: $\frac{4}{5}$.

4. gr.

70. gr. laganna falli niður frá og með orðunum: „Biðtími telst . . .“ o. s. frv.

5. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjur atvinnuleysissjóða skulu vera sem hér segir:

1. Þeir, sem hafa sjóðfélaga í atvinnuleysissjóði í þjónustu sinni, skulu greiða í atvinnuleysissjóð upphæð, sem er jafnhá og 6% af heildarupphæð þeirra vinnulauna, er þeir hafa greitt félögum í sjóðnum. Aflahlutur og hvers konar greiðslur í öðru en peningum fyrir unnin verk teljast vinnulaun.
2. Ríkissjóður greiðir árlega til atvinnuleysissjóðanna 50 krónur á hvern féлага sjóðsins, að viðbætti fullri verðlagsuppbót samkvæmt visitölu kauplagsnefndar vegna þeirrar hækkunar á framfærslukostnaði, sem orðið hefur frá meðalframfærslukostnaði mánuðina jan.—marz 1939.
3. Bæjar- og sveitarsjóðir greiða árlega til atvinnuleysissjóðanna í bæjar- eða sveitarfélaginu upphæð, sem nemur helmingi framlags ríkissjóðs samkv. 2. tölul.
4. Iðgjöld, er sjóðfélagar kunna að greiða samkvæmt samþykktum sjóðanna.
5. Auk framlagsins samkv. 2. tölul. greiðir ríkissjóður til atvinnuleysissjóða þeirra, sem stofnaðir verða á árunum 1942 og 1943, eða hafa verið stofnaðir áður, 3 milljónir kr. hvort árið, og skiptist sú upphæð milli sjóðanna í sömu hlutföllum og ríkissjóðsframlagið samkv. 2. tölul.

Stjórnir atvinnuleysissjóða innheimta gjöld þau, er atvinnurekendum ber að greiða samkv. 1. tölul., samkvæmt nánari reglum, sem settar kunna að verða í samþykktum eða með samningum milli félaga verkamanna og atvinnurekenda. Skylt er atvinnurekendum að láta stjórnnum atvinnuleysissjóða í té allar þær skýrslur, sem krafizt er og nauðsynlegar eru til að ákveða lögboðin gjöld þeirra til sjóðanna.

6. gr.

- a. Í stað „1. apríl“ í 3. málsgr. 73. gr. laganna komi: 1. desember.
- b. Síðasti másl. sömu lagagr. orðist svo: Sjóðir, sem stofnaðir verða á árinu 1942, skulu þó njóta fullra réttinda samkvæmt lögum þessum, þegar er þeir hafa tilkynnt stofnun sína, og njóta framlags úr ríkissjóði og bæjar- eða sveitarsjóði fyrir árið 1942 samkv. 2. og 3. tölul. 72. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kaflinn um atvinnuleysistryggingar í lögum um alþýðutryggingar hefur verið algerlega dauður bókstafur og mun verða, svo lengi sem honum er ekki gerbreytt. Hann er gott dæmi um það, hvernig löggjöf á ekki að vera. Það hefur verið leitað til flestra verkalyðsfélaga í landinu og spurzt fyrir, hvort þau óskuðu að hagnýta sér þessa löggjöf. Ekkert þeirra hefur gert það. Öll hafa þau komizt að þeirri niðurstöðu, að það svaraði ekki kostnaði. Þessi löggjöf er því beinlínis einskis virði. Það er því alveg augljóst, að annaðhvort á að nema þennan óskapnað úr lögum eða breyta honum, svo að um raunverulegar atvinnuleysistryggingar sé að ræða.

Lagasetning þessi var þó á sínum tíma viðurkenning á nauðsyn þess, að atvinnuleysistryggingar yrðu í lög leiddar. Að ekki var gert betur, var afsakað með slæmum fjárhag ríkisins og atvinnurekenda. Ekki dugir sú afsökun lengur. Nú er afkoma ríkissjóðs og atvinnurekenda betri en dæmi eru til áður. Það er til meira en nóg fjár-

magn, meira að segja slíkt óhemju fjármagn í vörzlu einstakra manna, að það veldur alvarlegum truflunum á öllu hagkerfi þjóðarinnar.

Varla mun neinn treystast að mæla á móti því, að hið mikla fjármagn, sem nú er aflað, beri að nota til þess að mæta erfiðleikum komandi ára, eftir því sem unnt er, og að það beri að leggja það í sjóði til að ráða bót á atvinnuleysi kreppuáranna. Þarf þá að gera hvort tveggja, að hafa nóg fjármagn handbært til þess að ráðast í viðtækar opinberar framkvæmdir, þegar einkaframleiðslan er dregin saman vegna minnkandi gróðamöguleika, og að tryggja menn með lögum gegn afleiðingum atvinnuleysisins.

Sjálfsgagt er að gera sér ljóst, að ekki er hægt að gera sér hugmynd um það, á þessum tímum fallveltisins og öryggisleysisins í atvinnumálum og þjóðfélagsmálum, hvers virði slíkir sjóðir verða að stríðinu loknu. En þrátt fyrir það er jafnmikils um vert, að tækifærið sé notað til að fá viðurkennda þá skýlausu réttarkröfu verkamanna, að þeir séu tryggðir gegn atvinnuleysi á kostnað þeirra aðila, sem bera ábyrgð á því, að þeim er meinað að vinna sér fyrir lífsviðurværi.

Ekki eru fyrir hendi nægileg gögn til þess að gera áætlun um tekjur atvinnuleysisjóðanna samkvæmt frumv. þessu. En á árunum 1942 og 1943 ættu þær, að öllu óbreyttu, ekki að verða minni en 10 millj. kr. hvort árið, ef þátttakan verður almenn, sem ekki er að efa, að verða mundi, ef frv. yrði að lögum.